

Æfingar á 2. stigi

Tilgangurinn með skilgreiningu á æfingunum er að knapar og dómarar hafi sömu viðmið. Leitast var við að gera einfaldar skilgreiningar sem eru almennt viðurkenndar í heiminum og samræmast útgefnu íslensku kennsluefni. Það kunna að finnast útfærslur á æfingum sem samræmast ekki þessum skilgreiningum og getur skýringin verið munur á reiðmennskuhefðum. Aðalatriðið verður alltaf að æfingin hafi góð áhrif á líkamsbeitingu og gangtegundir hestsins, ásamt því að vera riðin á sanngjarnan hátt.

Hliðargangsæfingar - skilgreiningar

Opinn sniðgangur á tölti – skylduæfing

Hesturinn gengur sveigður, á þremur til fjórum sporum. Hann gengur beint fram að aftan en til hliðar að framan. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð að framan).

Framfótasnúningur á feti

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, með afturhlutann í hálfhring í kringum innri framfót. Innri framfótur gengur upp og niður á staðnum eða á lítinn hring (30cm) en innri afturfótur krossar framfyrir ytri, sem stíga fram.

Krossgangur

Hesturinn er beinn í skrokknum en stilltur í hnakka frá þeirri átt sem hann gengur í. Hann gengur í takti viðkomandi gangtegundar, jafn mikið fram og til hliðar. Innri framfótur og afturfótur krossar framfyrir ytri, sem stíga fram.

Lokaður sniðgangur

Hesturinn gengur sveigður, á þremur til fjórum sporum. Hann gengur í sömu átt og hann horfir. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Ef hesturinn er á fjórum sporum á að vera jafn breitt bil milli allra hófa (séð að framan). Lokaðan sniðgang má framkvæma á beinni leið og á hring.

Lokaður krossgangur (half pass)

Hesturinn gengur jafnt fram og til hliðar á skálínu vallarins, er sveigður í og horfir í sömu átt og hann gengur. Hesturinn krossar bæði að framan og aftan. Æfingin skal hafa safnandi áhrif.

Afturfótasnúningur á feti

Hesturinn gengur með framhlutann í hálfhring í kring um innri afturfót, sveigður í sömu átt og hann gengur. Innri afturfóturinn má ganga á 1 meters hring, en skal stíga fram og kreppast vel. Ytri afturfótur á að stíga framfyrir innri afturfót án þess að krossa. Ytri framfótur krossar yfir innri framfót. Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Einnig má ríða heilan hring og telst það til herra erfiðleikastigs.

Afturfótasnúningur á tölt/stökk

Hesturinn gengur með framhlutann í hálfhring í kring um innri afturfót, sveigður í sömu átt og hann gengur. Innri afturfóturinn má ganga á 3 metra hring, en skal stíga fram og kreppast vel. Ytri afturfótur á að stíga framfyrir innri afturfót án þess að krossa.

Hesturinn heldur takti viðkomandi gangtegundar. Einnig má ríða heilan hring og telst það til hærra erfiðleikastigs.

Aðrar æfingar – skilgreiningar

Taumur gefinn fram á tölti

Hesturinn er á hægu til milliferðar tölti. Knapinn losar greinilega um tauminn í a.m.k. 3 sek þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og U, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira. Styttri tími en 3 sek. leiðir til lækkunar. Einnig má gera einu sinni amk. 50 metra (eins og í T2).

Taumur gefinn fram á stökki

Hesturinn er á hægu til milliferðar stökki. Knapinn losar greinilega um tauminn í amk 3 sek. þrisvar sinnum. Taumurinn á að hanga eins og U, hesturinn heldur sama höfuðburði/formi. Taumsamband tekið mjúklega aftur. Ekki er alvarlegt ef hesturinn lengir yfirlínu ögn og hvelfir sig meira.

Slöngulínur

Ríðnir eru þrír til sex hálfir baugar og 0 – 10 m beint milli baugana, eða þrír til sex 3/4 15m hringir án beinna kafla. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins, og skiptir um hönd í jafnvægi. Á stökki meiga bogarnir vera allt að 25 m. Mikilvægt er að allir bogar séu af sömu stærð og beinu kaflarnir jafn langir.

Ríðið á áttu á tölti/brokki

Ríðnir eru 6 -20 m baugar, af jafnri stærð. Hesturinn sveigir sig greinilega eftir ferli baugsins og skiptir um hönd í jafnvægi. Skipta verður til beggja handa.

Ríðið á hringnum, sýna skal á báðar hendur á tölti/brokki/stökki/ytra stökk

Hringurinn er 18-25m í þvermál. Hringirnir eiga að vera jafn stórir á báðar hendur en þurfa ekki að vera á sama stað.

Stöðvun af feti/tölti/brokki/stökki/skeiði

Hesturinn stöðvar í burði og heldur forminu, stendur rólegur, við taum og jafnt í allar fætur.

Bakk

Hesturinn bakkar mjúklega með virkan afturhluta, í jafnvægi og uppbyggilegu formi. Hnakki er efsti punktur, nef fyrir framan lóðlínu, fellir lend. Lágmark þrjú skref. Fer tafarlaust af stað.

Stuttar hraðabreytingar á tölti, brokki eða stökki a.m.k. tvisvar

Hesturinn byrjar á hægu, eykur hraðann greinilega, hægir mjúklega, eykur og hægir aftur. Reiðleið frjáls. Sýna þarf lágmark 5m hægt og 15 m aukin hraði.

Gangskiptingar fet-tölt/brokk-fet x3:

Hesturinn fer af hreinu feti upp í hreint tölt/brokk töltir a.m.k 10m og hægir aftur niður í fet. Fara má í gegnum safnað fet.

Einföld stökkskipting

Hestur á stökki, skipt á tölt/brokk/fet tekur hámark eina hestlengd á tölti/brokki/feti fer svo beint upp í hitt stökkið.

Fljúgandi stökkskipting

Hestur á stökki, skiptir hreint yfir á hitt stökkið(t.d af hægra yfir á vinstra stökk)

Taumur gefinn á feti/tölti/brokki/stökki

Hesturinn er í taumsambandi á vinnuhraða, hann lengir hálsinn fram og niður í taumsambandi. Hesturinn heldur sama takti, er virkur og lengir skrefin. Neflína á að vera fyrir framan lóð og hnakki fyrir neðan herðar. Sýna þarf atriðið a.m.k. 10 sek. og á hesturinn að halda taumsambandi allan tímann.

Frjáls æfing

Knapi má skila inn lýsingu og/eða nafni á æfingu sem er ekki tekin fram í listanum. Æfingin á að sæma erfiðleikastiginu sem er verið að keppa í, þ.e.a.s má ekki teljast auðveldari. Tilgangurinn er að stuðla að framförum og þróun og skal taka nýjungum með opnum hug.